

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2024

2024/EES/60/19

frá 26. apríl 2024

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/382 frá 18. október 2023 um leiðréttingu á sænsku tungumálaútgáfunni af framseldri reglugerð (ESB) nr. 231/2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB að því er varðar undanþágur, almenn rekstrarskilyrði, vörsluaðila, vogun, gagnsæi og eftirlit ⁽¹⁾.
- 2) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31bba (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2013) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„— **32024 R 0382:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/382 frá 18. október 2023 (Stjtið. ESB L, 2024/382, 23.1.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2024/382, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. apríl 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. apríl 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/382, 23.1.2024.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.